

## Samningur um sjúkrahótel

|                  | <b>Fjárveiting<br/>í m.kr.</b> |   |
|------------------|--------------------------------|---|
| Fjárlög 2005     | 54,2                           | 08-471 Gistiheimili RKÍ   |
| Fjárlög 2005     | 12,3                           | 08-399-1.98 Ýmis framlög HTR  |
| Fjáraukalög 2005 | 16,3                           | Kemur til vegna lækkunar framlags á safnlið í 2. umræðu á óskiptum lið HTR 08-399-1.98 (18,9 m.kr.) |
| <b>Samtals:</b>  | <b>82,8</b>                    |   |
|                  |                                |   |
| Frumvarp 2006    | 72,8                           | 08-383 Sjúkrahótel  |
| Frumvarp 2006    | 12,0                           | 08-373 Landspítali - háskólasjúkrahús - laun ófaglærðs starfsfólks                                  |
| <b>Samtals:</b>  | <b>84,8</b>                    |   |

Til ársloka 2004 var ráðuneytið með samning við Rauða Kross Íslands um rekstur sjúkrahótels.

RKÍ seldi hótelið á síðari hluta árs 2004 og dró sig út úr rekstri súkrahótelsins um áramót 2004/2005.

Gerður var nýr samningur um rekstur sjúkrahótels, með gildistöku frá og með 1. janúar 2005. Sá samningur er milli LSH og eiganda Foss hótels.

Frá árinu 2005 greiðir LSH laun ófaglærðra starfsmanna (12 m.kr.), en greiðir hóteleigendum leigu, húsvörslu, þrif og mat. LSH leggur auk þess til fagstjórn (hjúkrunarfræðinga) af eigin fjárveitingu.

*Alþingi  
Erindi nr. P 132/22  
komudagur 9.11.2005*

## Frömlög til heilbrigðis- og tryggingamála sem hlutfall af ríkisútgjöldum

| Ár             | HTR       | Fjárlög   | %<br>af fjárlögum |
|----------------|-----------|-----------|-------------------|
| Frumvarp 2006  | 125.941,0 | 313.200,0 | 40,2%             |
| Fjárlög 2005   | 119.127,5 | 296.380,5 | 40,2%             |
| Fjárlög 2004 * | 110.542,6 | 275.295,6 | 40,2%             |
| Fjárlög 2003   | 100.741,5 | 260.142,1 | 38,7%             |
| Fjárlög 2002   | 90.409,2  | 239.370,4 | 37,8%             |
| Fjárlög 2001   | 79.872,7  | 219.164,4 | 36,4%             |
| Fjárlög 2000   | 73.667,1  | 193.158,7 | 38,1%             |
| Fjárlög 1999   | 66.326,2  | 182.375,9 | 36,4%             |
| Fjárlög 1998   | 60.400,7  | 165.677,3 | 36,5%             |

\* Samkomulag ríkisstjórnarinnar við Landsamband eldri borgara, sem fól í sér hækkun grunnlífeyris og aukin frömlög til reksturs og uppbyggingar öldrunarþjónustu

Hagstofa Íslands  
Útgjöld til heilbrigðismála  
1970-2004

Útgjöld til heilbrigðismála 1970-2004

- fjárhæðir í milljónum króna og hlutfalli af landsframleiðslu -

| Ár   | Heilbrigðisútgjöld hins opinbera m.kr. | Heilbrigðisútgjöld heimila m.kr. | Heilbrigðisútgjöld alls m.kr. | Verg landsframleiðsla m.kr. | Heilbrigðisútgjöld hins opinbera sem % af VLF |
|------|--|----------------------------------|-------------------------------|-----------------------------|---|
| 1970 | 14,3                                   | 3,7                              | 18,1                          | 448                         | 3,20  |
| 1971 | 20,3                                   | 5,5                              | 25,8                          | 570                         | 3,55  |
| 1972 | 30,2                                   | 6,8                              | 37,0                          | 717                         | 4,22  |
| 1973 | 39,1                                   | 8,5                              | 47,6                          | 1.006                       | 3,89  |
| 1974 | 69,2                                   | 9,9                              | 79,1                          | 1.464                       | 4,73  |
| 1975 | 106,3                                  | 15,7                             | 122,0                         | 2.091                       | 5,08  |
| 1976 | 139,6                                  | 21,1                             | 160,7                         | 2.941                       | 4,75  |
| 1977 | 200,8                                  | 29,4                             | 230,2                         | 4.247                       | 4,73  |
| 1978 | 344,0                                  | 40,0                             | 384,0                         | 6.584                       | 5,22  |
| 1979 | 573,9                                  | 67,3                             | 641,2                         | 9.728                       | 5,90  |
| 1980 | 884,0                                  | 117,9                            | 1.001,9                       | 16.182                      | 5,46  |
| 1981 | 1.433,6                                | 179,0                            | 1.612,6                       | 25.276                      | 5,67  |
| 1982 | 2.354,8                                | 288,3                            | 2.643,1                       | 39.582                      | 5,95  |
| 1983 | 4.457,0                                | 522,5                            | 4.979,5                       | 68.242                      | 6,53  |
| 1984 | 5.328,8                                | 811,7                            | 6.140,5                       | 89.144                      | 5,98  |
| 1985 | 7.630,7                                | 1.142,2                          | 8.772,9                       | 120.899                     | 6,31  |
| 1986 | 10.731,9                               | 1.668,4                          | 12.400,3                      | 161.217                     | 6,66  |
| 1987 | 14.418,1                               | 2.092,4                          | 16.510,5                      | 209.114                     | 6,89  |
| 1988 | 18.926,8                               | 2.800,8                          | 21.727,6                      | 256.645                     | 7,37  |
| 1989 | 22.635,4                               | 3.522,2                          | 26.157,6                      | 308.192                     | 7,34  |
| 1990 | 25.105,4                               | 3.876,8                          | 28.982,2                      | 370.925                     | 6,77  |
| 1991 | 27.969,6                               | 4.276,7                          | 32.246,3                      | 401.372                     | 6,97  |
| 1992 | 27.783,4                               | 4.976,4                          | 32.759,8                      | 401.025                     | 6,93  |
| 1993 | 28.513,3                               | 5.696,8                          | 34.210,1                      | 413.331                     | 6,90  |
| 1994 | 29.687,1                               | 5.826,8                          | 35.513,9                      | 439.108                     | 6,76  |
| 1995 | 31.268,5                               | 5.985,5                          | 37.254,0                      | 452.139                     | 6,92  |
| 1996 | 33.138,8                               | 6.665,5                          | 39.804,3                      | 485.192                     | 6,83  |
| 1997 | 34.971,8                               | 7.103,2                          | 42.075,0                      | 513.749                     | 6,81  |
| 1998 | 43.853,0                               | 8.778,6                          | 52.631,6                      | 573.034                     | 7,65  |
| 1999 | 52.274,0                               | 9.446,1                          | 61.720,1                      | 615.063                     | 8,50  |
| 2000 | 54.510,0                               | 10.710,9                         | 65.220,9                      | 669.198                     | 8,15  |
| 2001 | 61.015,0                               | 11.994,0                         | 73.009,0                      | 749.953                     | 8,14  |
| 2002 | 69.818,0                               | 13.107,0                         | 82.925,0                      | 782.348                     | 8,92  |
| 2003 | 73.874,0                               | 14.003,0                         | 87.877,0                      | 811.199                     | 9,11  |
| 2004 | 77.815,0                               | 15.079,0                         | 92.894,0                      | 885.009                     | 8,79  |

Tölur fyrir 2001 og 2002 eru bráðabirgðatölur.

## Minnisblað

**Efni:** Aukin framlög til geðmála á árunum 2002 til 2006.

### Fjárlög 2002.

- **40 m.kr.** vegna átaks á sviði geðheilbrigðismála.  
Fjárveitingin skiptist þannig að 20 m.kr. tengdust starfsemi sjúkrahúsa og 20 m.kr. starfsemi heilsugæslustöðva. Þannig var 15 m.kr. úthlutað til LSH til að efla móttöku- og göngudeildarstarfsemi og þá einkum og sér í lagi til að mæta geðrænum vandamálum barna- og unglunga á höfuðborgarsvæðinu. Þá var 5 m.kr. úthlutað til FSA til að styrkja geðdeildarþjónustu á upptökusvæði sjúkrahússins.  
20 m.kr. fjárveitingu til heilsugæslunnar hefur verið varið til að kosta barnateymi á Heilsugæslustöðinni á Akranesi, sálfræðiþjónustu á heilsugæslustöðvum á Suðurlandi, átak í geðheilbrigðismálum hjá heilsugæslustöðvum í Mosfellsbæ og í Reykjavík, til framkvæmdar staðalbindingar WISC-IV greindarprófsins og tímabundinna styrkveitinga á þessu sviði. Sjá meðfylgjandi skiptinu fjár til þessara verkefna á árunum 2002, 2003 og 2004.

### Fjárlög 2003.

- 10 m.kr. til hálfársrekstrar hreyfanlegs fagteymis (hjúkrunarteymi).  
Framlag til að koma upp hreyfanlegu fagteymi skipað tveimur hjúkrunarfræðingum og tveimur öðrum starfsmönnum, auk geðlæknisvaktar. Fagteyminu er ætlað það verkefni að fylgja eftir alvarlega geðsjúkum einstaklingum í samráði við Geðhjálp á heimilum þeirra eftir útskrift af sjúkrahúsi.  
(framlag þetta kom inn í 3. umræðu um frumvarp til fjárlaga 2003 (desember 2002).

### Fjáraukalög 2003.

- 20 m.kr. til átaksteymis/vettvangsteymis er starfar tímabundið á árinu 2003, hvers hlutverk er að einbeita sér að bráðatilvikum, stytta bráðabiðlista eftir þjónustu barna- og unglिंगageðdeildar og veita sérhæfða geðheilbrigðisþjónustu utan spítalans með heimsókn til unglunga í vanda.
- **27 m.kr.** til eflingar geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglunga í samráði við tillögur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Tillögurnar fela í sér stækkun barna- og unglिंगageðdeildar við Dalbraut (20 m.kr.), flutning göngudeildar (2,6 m.kr.), landsbyggðarþjónustu (3 m.kr.) og heimaþjónustu (1,4 m.kr.).

- **45 m.kr.** tímabundið stofnframlag til stækkunar legudeildar barna- og unglíngageðdeildar.
- **5 m.kr.** til tímabundinnar fjölgunar sérfræðieininga á sviði barnageðlækninga á árinu 2003. Framlaginu var ætlað að bæta úr brýnni þörf á aukinni þjónustu á sviði barnageðlækninga og einingum barnageðlækna fjölgað tímabundið árið 2003 um 30.000.

#### Fjárlög 2004.

- **11 m.kr.** til hálfársrekstrar hreyfanlegs fagteymis (hjúkrunarteymi). Framlag til að koma upp hreyfanlegu fagteymi skipað tveimur hjúkrunarfræðingum og tveimur öðrum starfsmönnum, auk geðlæknisvaktar. Fagteyminu er ætlað það verkefni að fylgja eftir alvarlega geðsjúkum einstaklingum í samráði við Geðhjálp á heimilum þeirra eftir útskrift á sjúkrahúsi.  
(fyrri hluti þessa framlags kom inn árið 2003).
- **20 m.kr.** til að hefja rekstur sérhæfðrar deildar fyrir alvarlega geðsjúkra, en sakhæfa einstaklinga. Áformum um opnun deildarinnar seinkaði og var hún ekki tekin í gagnið fyrr en í ársbyrjun 2005.
- **90 m.kr.** tímabundið stofnframlag til að koma upp lokaðri deild fyrir alverlega geðsjúka, en sakhæfa einstaklinga á árinu 2004. Þ.a. koma 26 m.kr. af byggingalið ráðuneytis.
- **76 m.kr.** til eflingar starfsemi barna- og unglíngageðdeildar í samráði við tillögur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Tillögurnar fela í sér stækkun barna- og unglíngageðdeildar við Dalbraut (55 m.kr.), flutning göngudeildar (8 m.kr.), landsbyggðarþjónustu (8 m.kr.) og heimaþjónustu (5 m.kr.).
- **20 m.kr.** til að koma á fót samstarfsteypmis sálfræðings, félagsráðgjafa og iðjuþjálfara í heilsugæslunni. Tilgangur með stofnun samstarfsteypmisins er að efla heilsugæsluþjónustu með þátttöku þessara fagstétta í fyrsta stígs þjónustu. Sérstaklega er teyminu ætlað að efla þjónustu sem tengist börnum og unglíngum með geðræn vandamál og fjölskyldum þeirra þó verkefni þess séu ekki bundin við þennan hóp einvörðungu.  
(Fjárveiting þessi er vistuð hjá Heilsugæslunni í Reykjavík).
- **5 m.kr.** til að fjölga einingum barnageðlækna varanlega frá og með árinu 2004. Framlaginu er ætlað að bæta úr brýnni þörf á aukinni þjónustu á sviði barnageðlækninga og er einingum fjölgað um 30.000. (Ath bætist ekki við tímabundna fjölgun 2003)

#### Fjárlög 2005.

- **42,1 m.kr.** Heilsugæslan, efling geðheilbrigðisþjónustu.
- **12 m.kr.** Þverfaglegur hópur til að mæta bráðavanda geðsjúkra.
- **64 m.kr.** Hækkun framlags til rekstur sérhæfðrar deildar fyrir alvarlega geðsjúkra, en sakhæfa einstaklinga, rekstur vettvangsteypmis og styrking geðsviðs LSH. Hér er um endurráðstöfun fjár að ræða (90 m.kr. stofnframlag 2004 þ.a. voru 64 m.kr. ný fjárveiting, en 26 m.kr. var ráðstafað af byggingalið HTR). Nýframlögð kostnaðaráætlun LSH gerir ráð fyrir að spítalinn þurfi 76 m.kr. til reksturs sértæku geðdeildarinnar, til reksturs vettvangsteypmis og styrkingar geðsviðsins. HTR hefur til ráðstöfunar samtals 84 m.kr. Ákveðið var að verja eftirstöðvum framlagsins á árinu 2005 (8 m.kr.) til hönnunar

gagnagrunns/mælitækis fyrir RAI-MH og RAI-PAC. Um er að ræða mælitæki sem ætluð eru til að meta og fylgjast með ástandi og umönnunarþörf geðsjúkra (RAI-MH) og til að meta ástand og umönnunarþörf aldraðra á öldrunarlækningadeildum sjúkrahúsa (RAI-PAC). Í frumvarpi til fjárlaga 2006 er gert ráð fyrir að þær 8 m.kr. stóðu eftir af sérstakri fjárveitingu til reksturs sérhæfðrar geðfeildar verði framvegis nýttar til eflingar geðheilbrigðisþjónustu innan heilsugæslunnar.

- **40 m.kr.** til eflingar þjónustu við geðsjúkra og geðfatlaða einstaklinga. Áform voru uppi um að geðfatlaðir einstaklingar sem vistast hafa í Arnarholti flyttust í sambýli fatlaðra í byrjun árs 2005 og var miðað við að félagsmálaráðuneytið tæki frá þeim sama tíma yfir ábyrgð á þjónustunni. Forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir að aukinn kostnaður fylgdi flutningi einstaklinganna í sambýli fatlaðra m.a. vegna annars þjónustufyrirkomulags. Áform um flutning einstaklinganna gengu ekki eftir. Í stað flutnings í sambýli fatlaðra fluttust þessir sömu einstaklingar í annað af tveimur húsum geðsviðs LSH við Flókagötu og í önnur úrræði innan spítalans. Með þessum breytingum á fyrirkomulagi þjónustunnar innan spítalans eykst kostnaður spítalans og því voru framlög til hans hækkuð um 40 m.kr.

#### Frumvarp 2006

- **12 m.kr.** til eflingar geðheilbrigðisþjónustu innan heilsugæslunnar. Til viðbótar koma 8 m.kr. af safnlið sbr. hér að ofan. Samtals verður því 20 m.kr. varið til þessa verkefnis frá og með árinu 2006.